



Fundargerð stjórnar LSS

Fundarstjóri: Stefán Pétursson, formaður LSS.	Fundur nr. 265
Fundarritari: Hermann Sigurðsson	Reykjavík, 18.04.18
Mættir: Ásgeir Þórisson, gjaldkeri LSS. Guðrún Hilmarsdóttir, skrifstofustjóri LSS. Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri LSS. Jón Pétursson, formaður fagdeildar slökkviliðsmanna. Lárus Steinþór Björnsson, varaformaður LSS. Magnús Smári Smáráson, ritari LSS. Njáll Pálsson, formaður fagdeildar sjúkraflutningamanna. Pétur Arnarsson, formaður fagdeildar slökkviliðsstjóra. Stefán Pétursson, formaður LSS.	Fundarstaður: Brautarholt 30 105 Reykjavík Frá kl. 09:30 Til kl. 13:00
Fjarverandi:	

Dagskrá:

Nr.	Fundarefni	Ábyrgð
1.	Setning SP setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.	SP
2.	Fundargerð síðasta fundar Fundargerð síðasta fundar var samþykkt. Fundargerðir frá Eldvarnabandalaginu var lögð fram.	SP
3.	Inntaka nýrra félaga Enginn nýr félagi.	SP
4.	Starfið á milli funda SP: Formaður fór yfir starf sitt á milli funda: <ul style="list-style-type: none">• Samtöl við félagsmenn vítt og breytt.• Samtöl við slökkviliðsstjóra í Borgarnesi.• Unnið að ársskýrslu (skýrslu stjórnar).• Unnið að þingræðu.• Unnið að samantekt (ferilskrá)• Fundir með Pétri Péturssyni, formanni félags slökkviliðsstjóra, vegna ársfundar þeirra.• Úrlausnir vegna kjaramála félagsmanna.• Samskipti við lögmann félagsins. NP: Fagdeild sjúkraflutningamanna <ul style="list-style-type: none">• Unnið að drögum að reglugerð um utanspítalþjónustu.• Fylgst með framvindu sjúkrabílamála, fagrád er komið með aðkomu að málinu ásamt rekstraraðilum.• Vinna við ársskýrslu fagdeildar sjúkraflutningamanna• Fyrsti vinnuferill um háls og hrygg er tilbúinn og kemur í lok vikunnar.	Allir



	<p>JP: Fagdeild slökkviliðsmanna.</p> <ul style="list-style-type: none">• Vinna við ársskýrslu fagdeilar slökkviliðsmanna.• Vinna í kringum aldurstengd þrekpróf. <p>LSB. Undirbúningur fyrir þing LSS. Umsýsla vegna heiðursmerkja. Fundur með Sverri Birni vegna dóms Evrópudómstóls um bakvaktir slökkviliðsmanna.</p> <p>MSS. Lagabreytingar og undirbúningur fyrir þing LSS. Aðalfundur tryggingasjóðs.</p> <p>ÁÞ. Kom að ársuppgjöri og fjármálum. Aðstoða orlofsnefnd við endurnýjun á húsbúnaði í eignum félagsins.</p> <p>PA. Undirbúningur fyrir aðalfund slökkviliðsstjóra. Sat fund félags slökkviliðsstjóra. Vangaveltur um sametningu fagdeildar slökkviliðsstjóra.</p>	
5.	<p>Undirbúningur fyrir 17. þing LSS</p> <p>Undirbúningur fyrir þingið er hafið. Lagður var fram tékklisti um helstu verkefni fram undan.</p> <ul style="list-style-type: none">- Almennur undirbúningur. Farið var yfir stöðu mála og tékklista.- Kjörnefnd. Farið var yfir erindi kjörnefndar um atkvæðavægi einnar deildar. Kjörnefnd gerir grein fyrir sinni niðurstöðu á þinginu.- Dagskrá þingsins. Farið var yfir lokadrög að dagskrá þingsins og hún samþykkt.- Fjármál. Farið var yfir orðalag tillögu um félags- og samningsréttargjald og hún samþykkt. Tillagan verður sett á dropbox og gerð aðgengileg fulltrúm. Lögð var fram fjárhagsáætlun til tveggja ára sem kynnt verður á þinginu.- Heiðursmerki. Ákveðið var að fresta þessu verkefni fram að næsta þingi. HS/LSB falið að vinna lista fram að næsta þingi.- Umræðuhópar, nefndanefnd. Lögð var fram tillaga um aðila í nefndanefnd og það samþykkt. Fyrirliggjandi umræðuefni skipt niður í nefndir til umræðu.- Ályktanir. Stjórn sammála um að velja úr ályktunum tvær góða til að koma á framfæri í fjölmiðlum.- Þinggleðin. Var kynnt og samþykkt.	LSB
6.	<p>Fjármál - Ársuppgjör og staða sjóða</p> <p>Farið var yfir sjóðsstöðu félagsins. Staða félagsins er í jafnvægi. Drög að fjárhagsáætlun til tveggja ára var lögð fram og samþykkt. Verður hún kynnt á þinginu.</p>	HS
7.	<p>Önnur mál</p> <ol style="list-style-type: none">1. Erindi frá fræðslusetri Suðurlands. Stjórn hafnar erindinu.2. Erindi frá Löggarði. Málið rætt. Ákveðið að setja skýrari starsreglur varðandi mál sem LSS tekur að sér. Bókun um kjarmál er í fylgiskjali.3. Staðall merkis. Lagður fram.	Allir SP HS Allir



4. Erindi frá réttindanefnd BSRB. Erindi kom frá nefndinni og bað LSS um endurgjöf á dómi Evrópudómstóls um bakvaktir og útköll.
5. Reglugerð um utanspítalþjónustu. Málið reifað og rætt. Óskað er eftir skriflega athugasemdum frá stjórn til NP.
6. Aðalfundur tryggingasjóðs var í síðasta mánuði. Steinþór Darri og Magnús Smári voru fulltrúar LSS.
7. Orlofsmál. Það þarf að uppfæra aðgerðarlistann fyrir bústaðina og ganga í verkin.
8. Starfsmenntunarsjóður. Nýjar reglur teknar í gildi í febrúar án þess að þær voru kynntar stjórn LSS. Stjórn LSS hafna því að reglurnar taki gildi án samráðs við sig. SP/LSB/MSS falið að fara yfir málið með formanni starfsmenntunarsjóðs og fulltrúa SÍS.
9. Önnur mál.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi er slitið kl. 12:00

Næsti fundur stjórnar er föstudaginn 27. apríl kl. 09.30.
Fundargerð ritaði HS.